

MÁLEFNASAMNINGUR GRÓSKU OG H-LISTA 2026-2030

Framtíðarsýn

Gróska og H-listinn munu vinna saman á kjörtímabilinu af heilindum og með gagnkvæmt traust að leiðarljósi. Sameiginlegt markmið okkar er að Hörgársveit verði áfram gott og fjölskylduvænt samfélag, þar sem við gætum vel að fjármálum sveitarfélagsins um leið og við bætum þjónustu og innviði.

Við viljum samfélag þar sem gott er að búa, starfa og ala upp fjölskyldu, með áherslu á samráð, gagnsæi, sterkt nærumhverfi og raunverulegt val fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Fjármál og stjórnsýsla

Rekstur sveitarfélagsins verði áfram ábyrgur og sjálfbær með áherslu á stöðugleika og góða fjármálastjórn.

Lögð verði áhersla á skýra forgangsröðun verkefna og að fjármunir nýtist sem best í þágu íbúa sveitarfélagsins.

Unnið verði að skýru og skilvirku skipuriti sveitarfélagsins.

Áhersla verði lögð á aukið samráð við íbúa, reglulega opna íbúafundi og aukið íbúalýðræði.

Gagnsæi í stjórnsýslu verði aukið með bættri upplýsingagjöf og aðgengilegri þjónustu.

Unnið verði að stafrænni umbreytingu stjórnsýslunnar og bættri heimasíðu sveitarfélagsins með áherslu á skýrari upplýsingagjöf, stafræna innleiðingu þjónustu og aukið gagnsæi.

Lögð verði áhersla á að efla mannauðsmál sveitarfélagsins, meðal annars með auknum stuðningi við starfsfólk og aðkomu mannauðsfulltrúa.

Lögð verði áhersla á bætt aðgengi fyrir alla íbúa að þjónustu, upplýsingum og aðstöðu sveitarfélagsins.

Skipulag, samgöngur og umhverfi

Hafist verði handa að deiliskipuleggja Þelamerkursvæðið og móta heildstæða framtíðarsýn fyrir uppbyggingu og þróun svæðisins.

Leitað verði leiða til að tengja akstursleiðir innan hverfisins beint við leikskólann Álfastein, en þess gætt að Skógarhlíð verði áfram lokuð botnlangagata.

Farið verði í endurskipulagningu á skólalóðinni og leiksvæði fært með hagsmuni barna og öryggi að leiðarljósi.

Hafin verði skipulagsvinna vegna varanlegrar uppbyggingar og stækkunar leikskóla í takt við fjölgun barna.

Unnið verði að því að rýna tækifæri til fjölgunar frístundalóða í sveitarfélaginu með markvissu skipulagi.

Standa skal vörð um sérstöðu sveitarfélagsins með skipulagi sem styður lágreista byggð, gott rými á milli húsa, græn svæði og sterka tengingu við náttúruna.

Unnið verði að bættu umferðaröryggi með markvissum aðgerðum við skóla, leikskóla og í íbúabyggð.

Áfram verði unnið að uppbyggingu göngu-, hjóla- og reiðleiða í sveitarfélaginu.

Beitt verði auknum þrýstingi gagnvart Vegagerðinni um viðhald vega, lagfæringar heimreiða, fækkun malarvega og bættar samgöngutengingar í sveitarfélaginu. Lögð verði áhersla á bættar og öruggar tengingar við núverandi veg í hlíðinni, meðal annars hjá Hlíðarbæ, fremur en tvöföldun vegarins.

Unnið verði að bættum almenningsamgöngum og tengingu við þjónustu á Akureyri.

Farið verði í heildstæða endurskoðun á sorphirðu með það að markmiði að einfalda kerfið og bæta þjónustu við íbúa.

Settar verði upp grenndarstöðvar, meðal annars á Lónsbakka. Þá verði hreinsunardagurinn efldur og fylgt eftir umhverfisstefnu sveitarfélagsins og loftslagsstefnu SSNE.

Lögð verði áhersla á almenna snyrtimennsku, fegrun umhverfis og reglulegt viðhald grænna svæða í íbúahverfum, ásamt bættri ásýnd og frágangi í athafnahverfum sveitarfélagsins.

Unnið verði markvisst að bættum fjarskiptainnvíðum, sérstaklega 4G og 5G sambandi alls staðar í sveitarfélaginu, meðal annars í dölunum og Hagabyggð.

Sett verði á laggirnar sérstök samgöngu- og umhverfisnefnd sem hafi það hlutverk að samræma forgangsröðun innviðamála, umferðaröryggis, umhverfismála og hagsmunagæslu gagnvart Vegagerðinni og öðrum samstarfsaðilum.

Leikskóla-, skóla- og fjölskyldumál

Leikskólamál verði sett í forgang með áherslu á raunhæfar og sveigjanlegar lausnir.

Mótuð verði framtíðarsýn í leikskólamálum sveitarfélagsins.

Unnið verði með tímabundnar lausnir á meðan unnið er að varanlegri uppbyggingu.

Heimgreiðslur verði hækkaðar og gerðar valfrjálssar svo að foreldrar geti valið um stuðning frá 12-18 mánaða aldri barns. Einnig verði heimgreiðslur til barna eldri en 18 mánaða ef ekki er laust leikskólapláss í sveitarfélaginu.

Áhersla verði lögð á að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með auknu valfrelsi fjölskyldna.

Haldið verði áfram að styðja við öflugt leik- og grunnskólastarf með áherslu á vellíðan barna og náið samstarf heimila og skóla.

Deiliskipuleggja verði skólasvæðið á Þelamörk með það að markmiði að þróa öflugt skóla- og leiksvæði fyrir nemendur og íbúa og undirbúa stækkun skólans í takt við fjölgun barna.

Áhersla verði lögð á að öll börn hafi jafnan aðgang að íþróttá-, tómstunda- og félagsstarfi óháð efnahag eða búsetu.

Frístundastyrkir fyrir börn á aldrinum 5-18 ára verði tryggðir áfram á kjörtímabilinu. Jafnframt verði áfram veittur lýðheilsustyrkur í formi árskorts í Jónasarlaug til íbúa og starfsfólks sveitarfélagsins.

Leikvöllurinn á Lónsbakka verði eflur með nýjum og fjölbreyttari leiktækjum til að tryggja að svæðið henti betur börnum á öllum aldri.

Landbúnaðar-, atvinnu- og nýsköpunarmál

Atvinnuuppbygging verði sett í forgang með áherslu á fjölbreytt atvinnulíf og ný tækifæri.

Stutt verði áfram við landbúnað sem eina af grunnstoðum sveitarfélagsins og staðið vörð um gott landbúnaðarland.

Gætt verði jafnvægis milli landbúnaðar, atvinnuuppbyggingar og þéttbýlisþróunar.

Sveitarfélagið styðji við fjölbreytt tækifæri til nýsköpunar og fjölpættar nýtingar bújarða til að styrkja rekstrargrundvöll landbúnaðarins.

Tryggt verði reglulegt viðhald og endurbætur á fjárréttum sveitarfélagsins.

Efld verði nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi og stuðningur við fólk sem vill hefja atvinnurekstur í sveitarfélaginu meðal annars með að veita aðstoð með að sækja um styrki og þróunarfé.

Virkja á atvinnumálanefnd betur sem vettvang samtals við atvinnulíf sveitarfélagsins.

Skóðaðir verði möguleikar á sameiginlegri vinnuaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi, frumkvöðla og fólk í fjarvinnu.

Stutt verði við þróun ferðaþjónustu og menningartengdrar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Áhersla verði lögð á að standa vörð um hafnarsvæðið á Hjalteyri og sérstöðu svæðisins.

Sveitarfélagið leggist alfarið gegn hvers kyns áformum um sjókvíeldi í Eyjafirði með hagsmuni lífríkis, náttúruverndar og sérstöðu fjarðarins að leiðarljósi.

Efla skal samstarf við SSNE, atvinnulíf og nágrennasveitarfélög um þróun atvinnu- og nýsköpunarmála.

Menning, íþróttir og samfélag

Stutt verði áfram við öflugt menningar-, félags- og íþróttastarf í sveitarfélaginu.

Farið verði heildstætt yfir íþrótt- og tómsundaaðstöðu sveitarfélagsins með skýrri framtíðarsýn um uppbyggingu og þróun.

Farið verði í endurbætur á sundlaug og annarri heilsueflandi aðstöðu sveitarfélagsins, þar á meðal nýrri vaðlaug og sánu.

Hafist verði handa við að skipuleggja stækkun á íþróttamiðstöðinni.

Bætt verði aðgengi að íþrótt- og tómsundaaðstöðu fyrir alla aldurshópa. Sérstök áhersla verði lögð á að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra við íþróttamiðstöðina og sundlaugina í heild sinni, jafnt hvað varðar aðkomu og inngang, aðstöðu í búningsklefum sem og aðgengi ofan í sundlaugina sjálfa.

Félagsmiðstöðvastarf verði eflt og skoðaðir möguleikar á framtíðaraðstöðu á Lónsbakka.

Stutt verði áfram við fjölbreytt tækifæri barna og ungmenna til þátttöku í íþróttum og tómsundum.

Áhersla verði lögð á öflugan samfélagsanda, viðburði og menningarlíf í sveitarfélaginu.

Komið verði á fót miðlægu og aðgengilegu viðburðardagatali fyrir sveitarfélagið þar sem íbúar geta sjálfir skráð viðburði.

Efla skal samstarf við Minjasafnið og aðra menningar- og samfélagsaðila.

Unnið verði að því að gera sögu, menningu og náttúru sveitarfélagsins sýnilegri og aðgengilegri.

Hafin verði uppbygging á miðlægu sögu- og menningarsetri í áföngum.

Stutt verði við listafólk og skapaður vettvangur fyrir verk heimamanna.

Hugað verði að uppbyggingu á fjölnotavöllum í sveitarfélaginu.

Tryggt verði að árlega verði tilteknu lágmarkshlutfalli af rekstrartekjum sveitarfélagsins varið til menningarmála, með menningarstefnu Hörgársveitar að leiðarljósi. Hlutfallið verði ákveðið á grundvelli gagna við gerð fjárhagsáætlunar.

Velferð og lýðheilsa

Öldungaráð verði formfest sem virkur samráðsvettvangur eldri íbúa við sveitarfélagið með áherslu á þjónustu, aðgengi, heilsueflingu og lífsgæði.

Unnið verði markvisst að fullkomnu aðgengi hreyfihamlaðra að öllum opinberum byggingum sveitarfélagsins og að því að bæta aðstöðu og innviði með algilda hönnun að leiðarljósi.

Unnið verði að því að efla Hörgársveit sem heilsueflandi samfélag.

Lögð verði áhersla á að efla félagsstarf, virkni og hreyfingu eldri borgara.

Stuðlað verði að aukinni upplýsingagjöf og betra aðgengi að þjónustu fyrir eldri íbúa og aðstandendur þeirra.

Lögð verði rík áhersla á að efla heimaþjónustu og stuðning við eldri borgara svo þeir geti búið lengur heima við öryggi og aukin lífsgæði.

Áhersla verði lögð á farsæld, geðheilsu og lífsgæði íbúa sveitarfélagsins.

Samstarf og hagsmunagæsla

Gróska og H-listinn munu vinna saman af heilindum, trausti og gagnkvæmri virðingu.

Áhersla verði lögð á öflugna hagsmunagæslu fyrir Hörgársveit gagnvart ríki, stofnunum og samstarfsaðilum.

Lögð verði áhersla á virka hagsmunagæslu fyrir sveitarfélagið út á við, meðal annars með reglulegu samtali og samstarfi við þingmenn Norðurlands og aðra hagaðila.

Samstarfið byggi á opnum samskiptum, samráði og sameiginlegri ábyrgð á farsælli þróun sveitarfélagsins.

Dagsetning/Staður:

Fyrir hönd Grósku:

Fyrir hönd H-listans:

Sunna María Jónasdóttir

Bjarki Freyr Brynjólfsson

Róbert Fanndal Jósavínsson